

# Fundargerð 33. fundar

## Ungmennaráð 2. nóvember 2015

Mánudaginn 2. nóvember 2015 kl. 20:00 kom ungmennaráð til fundar í húsnæði Félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar.

### Fundinn sátu:

Ragnar Óskarsson, Berglind Dan Róbertsdóttir, Sandra Dís Jóhannesdóttir, Aðalbjörg Ýr í fjarveru Adams Freys Gunnarssonar og Sesselía Dan Róbertsdóttir í fjarveru Söndru Daggar Þrastardóttur.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður ráðsins.

**Fundargerð ritaði:** Valur Rafn Halldórsson

### 1. Erindisbréf

Lagt fram til kynningar erindisbréf ungmennaráðs Ölfuss.

*Starfsmaður ráðsins fór yfir erindisbréfið. Í erindisbréfinu kemur fram að ungmennaráð skuli funda með bæjarstjóra sveitarfélagsins á hverju hausti. Ungmennaráð felur starfsmanni að boða bæjarstjóra og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa á næsta fund ráðsins.*

### 2. Kynning á starfi ráðsins

Starfsmaður gerði grein fyrir tilgangi og mikilvægi ungmennaráðs en skv. æskulýðslögum er hlutverk ungmennaráða að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.

### 3. Kosning í embætti

Kosning formanns og ritara fyrir tímabilið 2015-2016.

*Ragnar Óskarsson var kjörinn formaður og Berglind Dan Róbertsdóttir ritari.*

### 4. Starf vetrarins

Rætt um starfsemi ungmennaráðs veturinn 2015-2016.

*Frestað til næsta fundar.*

### 5. Nýtt gámasvæði

Fulltrúar í ungmennaráði óskuðu eftir að taka upp umræðu um fyrirhugað svæði sem á að skipuleggja undir gámasvæði. Góð umræða fór fram um málefnið.

*Ákveðið að taka málið upp á næsta fundi ungmennaráðs.*

Fundi slitið kl. 20:50